

Ársskýrsla

Fjölbrautaskólans við

Ármúla 2013

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Nemendur	3
Ársmemendur	5
Brautskráðir nemendur árið 2013	5
Nám	5
Sérnámsbrautir	5
Heilbrigðisskólinn	5
Almenn námsbraut – stoðþjónusta	6
Bóknám	6
Kennsla og stjórnun	6
Fundir	7
Fjármál og rekstur 2013	7
Samstarf	8
Mat	8
Framkvæmd markmiða skólasamnings	9
Úrbótaáætlun eftir sjálfsmat	10
Annað	10
Húsnæðismál	10
Umhverfisstefna	10
Heilsueflandi framhaldsskóli	11
Jafnréttisstefna	11
Sjálfbærnistefna	12

Inngangur

Meginhlutverk Fjölbautaskólans við Ármúla er að undirbúa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, efla læsi þeirra í víðasta skilningi þess orðs, hafa lýðræði að leiðarljósi, jafnréttishugsjón, menntun til sjálfbærni og sköpunaranda. Skólastarfið byggist á því að hver nemandi finni sér nám við hæfi og geti stundað það á eigin námshraða. Nám er vinna og á að fela í sér áskoranir bæði fyrir nemendur og kennara.

Fjölbautaskólinn við Ármúla er áfangaskóli og kjarnaskóli heilbrigðisgreina. Skólinn býður upp á nám til stúdentsprófs á öllum bóknámsbrautum auk viðbótarnáms til stúdentsprófs að loknu starfsnámi. Nýsköpunar- og listabraut (tveggja ára starfsbraut) hóf starfsemi á haustönn 2013. Skólinn býður upp á nám til starfsréttinda á sjö brautum á heilbrigðissviði auk framhaldsnáms á fjórða þrepi fyrir sjúkraliða og lyfjatækna. Almenn námsbraut og framhaldsskólabraut eru starfræktar við skólann og fá nemendur hennar mikinn stuðning við nám sitt. Í FÁ er stór hópur nemenda sem á annað móðurmál en íslensku. Í skólanum eru sérnámsbrautir fyrir nemendur með fötlunargreiningu. FÁ rekur öflugt fjarnám.

Fjölbreytni í námsvali laðar að fjölbreyttan nemendahóp og er stefna skólans að sinna hverjum og einum nemanda á sem bestan hátt. Fjölbreytni í námsvali þýðir val um bóknám kjarnagreina, listnám eða starfsnám heilbrigðisgreina sem er í samræmi við kröfur samfélagsins hverju sinni. Fjölbreyttur nemendahópur þýðir nemendur af öllum getustigum, nemendur af mismunandi þjóðerni, nemendur úr dreifbýli og þéttbýli og nemenda á öllum aldri. Nemendur með ólíkan bakgrunn eiga að geta sótt hér menntun við hæfi. Nemendahópurinn í FÁ er mjög fjölbreyttur, nemendur eru frá grunnskólaaldri upp í tæplega sjötugt. Á haustmisseri 2013 stunduðu um 2300 nemendur nám við skólann, þ.e. í dagskóla og fjarnámi. Starfsmenn skólans voru rúmlega eitt hundrað.

Nemendur

Nemendum í FÁ hefur fjölgað mikið frá árinu 2001. Það skýrist nær eingöngu af miklum vexti fjárnáms við skólann. Hér að neðan eru upplýsingar um fjölda nemenda í dagskóla og í fjarnámi skv. upplýsingum Hagstofu til ársins 2011. Tölurnar fyrir árin 2012 og 2013 fengust úr nemendaskrá skólans og miðað við 14. október ár hvert.

Ár	Nemendur alls	Dagskóli	Fjarnám
2001	879	846	33
2002	1679	850	829
2003	1771	906	865
2004	2114	1002	1112
2005	2261	984	1277
2006	2488	1059	1429
2007	2643	1031	1612
2008	2914	974	1940
2009	3077	970	2107
2010	2624	932	1692
2011	2585	1080	1505
2012	2575	1148	1427
2013	2334	1008	1326

Fjöldi dagskólanema hefur haldist nokkuð svipaður síðustu ár, enda hefur húsnæði skólans ekki leyft innritun fleiri nýnema. Haustið 2013 var tekinn inn stór hópur nemenda að beiðni ráðuneytisins en 148 nýnemar voru innritaðir beint úr grunnskóla. Dagskólanemar voru tæplega 1100 við upphaf haustmisseris 2013. Aðsókn að fjarnáminu jókst stöðugt fram til ársins 2010 en það ár var fjarnámið skert að skipun ráðuneytisins. Fjarnámið hefur hins vegar verið í sókn síðustu misseri þrátt fyrir að hærri mörk um fjölda í áföngum hafi verið sett. Skólinn hefur verið í fararbroddi þegar kemur að þróun og framboði á fjarnámi og því mikilvægt fyrir skólann að bjóða upp á fjölbreytt framboð áfanga í fjarnámi því kennsluformið er þarft og eftirspurnin mikil.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu á nemendum skólans eftir brautum og kyni. Árið 2011 er samkvæmt tölum Hagstofunnar en tölur fyrir árin 2012 og 2013 eru samkvæmt skráningum í INNU.

	2011			2012 ⁴			2013 ⁵		
Brautir	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Allar brautir	850	1735	2585	908	1667	2575	815	1401	2216 ⁶
Almenn námsbraut ¹	482	915	1397	546	881	1427	37	37	74
Framhaldsskólabraut				25	20	45	25	19	44
Félagsfræðibraut	164	240	404	166	197	363	139	156	295
Heilbrigðisritarar	0	33	33	0	41	41	0	18	18
Heilsunuddarar	18	58	76	21	66	87	22	57	79
Lyfjatækni	2	67	69	1	54	55	2	35	37
Læknaritarar	0	32	32	0	24	24	0	20	20
Málabraut	27	93	120	23	74	97	27	52	79
Náttúrufræðibraut	89	69	158	64	85	149	60	60	120
Námsbraut í fótaaðgerðarfræði				0	1	1	0	0	0
Nýsköpunar- og listabraut ²							21	16	37
Ótilgreint nám ³							428	780	1208
Sjúkraliðar	4	123	127	3	101	104	2	68	70
Starfsbraut	16	13	29	20	11	31	21	10	31
Tanntæknar	0	37	37	0	52	41	0	43	43
Viðbótarnám-stúdentspróf	4	13	17	3	21	24	2	5	7
Viðskipta- og hagfræðibraut	40	39	79	35	36	71	28	25	53
Viðskiptabraut	4	3	7	1	3	4	1	0	1

¹ Tölur um fjölda nemenda á almennri braut fyrir árin 2011 og 2012 þarf að taka með fyrirvara vegna þess að Hagstofan skráir þá fjarnámsnemendur sem ekki velja sérstaka braut á almenna braut.

² Boðið var upp á NL (nýsköpunar- og listabraut) í fyrsta skipti á haustönn 2013.

³ Fjarnámsnemendur á haustönn 2013 voru skráðir á ÖTN (ótilgreint nám).

⁴ Tölur fyrir árið 2012 miðast við 15. október 2012.

⁵ Tölur fyrir árið 2013 miðast við 14. október 2013.

⁶ 118 nemendur stunduðu nám bæði í dagskóla og í fjarnámi.

Ársmemendur

Tölur yfir prófaða ársnemendur í FÁ fjárlagaárið 2013 eru þessar:

Vor	354
Vor fjar	146
Sumar fjar	56
Haust	399
Haust fjar	124
Samtals	1110

Skólinn fékk greitt fyrir 1016 ársnema í fjárlögum auk viðbótarframlags í fjárukalögum og með nemendum í áttakinu. Náms er vinnandi vegur. Öll umframmemendaígildi voru að fullu bætt.

Brautskráðir nemendur árið 2013

Frá árinu 2010 hafa nemendur skólans verið brautskráðir í hátíðarsal skólans. Samtals voru brautskráðir frá skólanum 225 nemendur (62 karlar og 163 konur), 139 laugardaginn 18. maí og 86 föstudaginn 20. desember. Árið 2013 voru brautskráðir 16 heilsunuddarar, 8 heilbrigðisritarar, 7 lyfjatæknar, 3 læknaritarar, 16 sjúkraliðar, 13 tanntæknar, 6 fóttaðgerðarfræðingar, 1 upplýsinga- og fjölmiðlabraut, 4 sérdeildarnemar, 1 nemi með framhaldsskólapróf, 57 stúdentar af félagsfræðibraut, 18 stúdentar af málabraut, 31 stúdentar af náttúrufræðibraut, 21 stúdentar af viðskipta- og hagfræðibraut og 23 stúdentar með viðbótarnám að loknu starfsnámi.

Nám

Sérnámsbrautir

Á sérnámsbraut við Fjölbautaskólann við Ármúla er nú við nám 31 nemi. Við brautina starfa 6 sérkennarar, 4 þroskaþjálfar, 8 stuðningsfulltrúar í hlutastörfum auk kennslustjóra. Brautin skiptist í tvær deildir:

Deild í suðurálmum skólans með tvær kennslustofur. Þar eru við nám 18 nemendur með fötlunargreiningu og þurfa mikla aðstoð og umönnun við nám og athafnir daglegs lífs. Deild í miðrymi skólans með eina kennslustofu. Þar eru við nám 13 nemendur sem allir hafa fötlunargreiningu en eru á ýmsan hátt sjálfstæðari og þurfa minni aðstoð við nám og daglegar athafnir. Einstaka nemi tekur almenna bóklega áfanga, t.d. lífsleikni.

Heilbrigðisskólinn

Kennslustjórar heilbrigðisskólans unnu af fullum krafti við nýja námskrá heilbrigðisskólans, þ.e. við námsbrautalýsingar og áfangalýsingar og voru brautir settar í nýjan búning samkvæmt nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla. Skólinn fékk fjölmarga styrki til námskrárgerðar og var m.a. unnið að hönnun námsbrautar fyrir sóttthreinsitækna í samstarfi við Landspítalann. Sótt var um að tilraunakenna námsbraut í öldrunarhjúkrun

sjúkraliða á fjórða þrepi framhaldsskólans og fékkst leyfi í desember af hálfu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Kennsla hófst á námsbrautinni í janúar 2014.

Náið samstarf er á milli FÁ og Fótaaðgerðaskóla Íslands samkvæmt samningi frá 2010. FÁ sér um innritun og námsferla nemenda Fótaaðgerðaskólans. Skólinn sér einnig um kennslu í þeim áföngum fótaaðgerðanámsins sem eru sameiginlegir öðrum heilbrigðisbrautum í FÁ.

Almenn námsbraut – stoðþjónusta

Nemendur á almennri námsbraut fá mikinn stuðning við nám sitt. Kennslustjóri hefur yfirumsjón með almennri námsbraut og eru að jafnaði um 150 nemendur á brautinni. Skólinn fékk styrk til að þróa nýja framhaldsskólabraut og var farið af stað með nokkra nýja áfanga á brautinni haustið 2010. Markmið framhaldsskólabrautarinnar er að nemendur geti útskrifast úr framhaldsskóla með próf sem mögulega auðveldar þeim að fá vinnu en útilokar þá ekki frá frekara námi. Megintilgangurinn er þó að fleiri nemendur útskrifist úr framhaldsskóla. Fyrsta útskrift af framhaldsskólabraut fór fram í desember 2012.

Á haustönn 2013 voru tæplega 100 nemendur frá 28 þjóðlöndum sem eiga annað móðurmál en íslensku. Kennslustjóri nýbúa hefur yfirumsjón með deildinni. Sjö kennarar koma að sérstökum stuðningi við innflytjendur og þeim stendur til boða fjölbreytt námsaðstoð.

Skráðir nemendur í skólanum með dyslexíugreiningu og aðrar greiningar um sértækan námsvanda voru 130 á haustönn 2013 og heldur kennslustjóri sértækra námsúrræða utan um hópinn. Nemendur fá stuðning t.d. við heimanám, boðið er upp á skimun/greiningu, stoðkennslu og sérúrræði í lokaprófum. Nemendur fá einnig sérhæfðan stuðning, t.d. til við að átta sig á hvernig styrk- og veikleikar birtast í námi og hvernig best er að bregðast við. Mikilvægt er að geta aukið svigrúm slíkrar þjónustu í nánustu framtíð. Samvinna er á milli kennslustjóra og kennara. Kennarar skólans taka mið af einstaklingsbundnum þörfum nemenda eins og kostur er. Lögð er áhersla á að kennarar skólans beiti fjölbreyttum kennsluaðferðum og námsmati til að mæta fjölbreytileika nemendahópsins.

Þrír náms- og starfsráðgjafar eru starfandi við skólann og sinna víðtækri þjónustu við nemendur enda nemendahópurinn fjölbreyttur. Þjónusta náms- og starfsráðgjafa er sinnt í gegnum ráðgjöf, námskeiðahald, opna viðtalstíma, kynningar, o.fl. Aðsókn í opna viðtalstíma er mikil og eru tímarnir vel nýttir.

Bóknám

Bóknámsbrautir skólans eru félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut og viðskipta- og hagfræðibraut. Á bóknámsbrautum dagskólans voru nemendur um 600 og var rúmur helmingur þeirra skráður á félagsfræðabraut. Náttúrufræðibraut er næststærst, síðan málabraut og loks viðskipta- og hagfræðibraut. Fjórir kennslustjórar bóknámsbrauta stýra sjálfsmati, umbótum og innra starfi bóknámsbrauta. Kennslustjórar bóknáms, eins og reyndar aðrir kennslustjórar, stýra vinnuhópum sem vinna að innleiðingu nýrra laga um námskrána og hefur vinna staðið yfir óslitið frá hausti 2012. Tilraunakennsla hófst á nýrri tveggja ára námsbraut, þ.e. nýsköpunar- og listabraut sem er blanda af bók- og starfsnámi. Um 40 nemendur voru samþykktir inn á námsbrautina haustið 2013.

Kennsla og stjórnun

Starfsmenn skólans eru 107 og eru konur í miklum meirihluta eða 7 af hverjum tíu. Meðalaldur starfsmanna er um 50 ár og er meðalaldur kvenna rúmlega 48 ár en rúmlega

50 árum hjá körlunum. Á skólaárinu 2013-2014 hófu tveir nýir starfsmenn störf en lítil endurnýjun er á milli ára sem gefur vísbendingar um að starfsfólki líði ákaflega vel á vinnustaðnum. Nær allir kennarar skólans eru með kennsluréttindi en tveir kennarar hafa verið með undanþágu til þess að starfa sem framhaldsskólakennarar.

Við skólann starfa sex stjórnendur, þ.e. skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjarnámsstjóri, þróunarstjóri og fjármálastjóri. Fjórir kennslustjórar stýra bóknámsbrautum og fjórir kennslustjórar sinna heilbrigðisgreinum. Auk þess eru starfandi kennslustjórar fyrir sértæka námsörðugleika, nýbúa, almenna námsbraut og framhaldsskólabraut. Allir kennslustjórar eru í hlutastarfi og sinna kennslu með starfi.

Að jafnaði eru kenndir hátt í 300 áfangar í dagskóla á vorönn og haustönn og í fjarnámi eru í boði tæplega 100 áfangar hvora önn. Auk þess er fjarnám í boði á sumarönn þar sem áfangar eru 25. til 30.

Fundir

Skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjarkennslustjóri, fjármálastjóri og þróunarstjóri funda vikulega á mánudagsmorgnum. Skólameistari, auk fleiri stjórnenda funda auk þess reglulega með kennslustjórum heilbrigðisgreina, kennslustjórum bóknámsbrauta, stjórnendum stoðeilda og námsráðgjöfum. Á miðvikudögum og föstudögum er fastur fundartími kennara og annarra starfsmanna í lok kennsludags. Fundað er reglulega í skólaráði og a.m.k. einu sinni til tvisvar á önn í skólanefnd. Almennir starfsmannafundir, þar með taldir skólafundir þar sem nemendum er boðin þátttaka, eru fjórir til fimm á önn. Á haustönn var haldinn almennur nemendafundur þar sem skólameistari boðaði alla nemendur á sal skólans og farið var yfir mikilvæg mál er vörðuðu skólastarfið.

Fjármál og rekstur 2013

Skólinn var rekinn með 3,3 milljóna króna halla árið 2012. Það var ljóst að fara þurfti út í hagræðingaraðgerðir til halda rekstri skólans hallalausum árið 2013. Eftirfarandi tölur eru teknar úr rekstrarreikningi skólans fyrir árið 2013 en árið endaði í kr. -3,6 milljónum króna sem lagðist ofan á hallarekstur fyrra árs. Samtals var hallinn um kr. -7 milljónir króna sem farið var með inn í fjárlagaárið 2014.

Skv. fjárlögum	751.700.000
Flutt frá fyrra ári	-3.391.981
Tekjur innh. hér	149.491.864
Nám er vinnandi vegur VMST vor	2.712.178
Nám er v v áætlun v	
umframnemenda	40.682.662
Námsráðgjafar vor og haust	6.000.000
Námsorlof vorönn	2.920.670
Námsorlof haust	5.367.434
Nemendauppgjör	40.654.844
Uppgjör nám er vinnandi vegur	6.056.655
Uppgjörs nema á starfsbr 2013	5.609.436
Uppgjör nám er vinnandi vegur	1.514.164

Tekjur samtals	1.009.317.926
-----------------------	----------------------

Launagjöld	818.819.522
------------	-------------

Önnur gjöld	197.527.734
-------------	-------------

Gjöld samtals	1.016.347.256
----------------------	----------------------

Eftirstöðvar til ráðstöfunar	-7.029.330
------------------------------	------------

Flutt á næsta ár.	-7.029.330
-------------------	------------

Rekstraráætlun fyrir árið 2013 var stillt upp þannig að skólinn væri hallalaus í lok árs og tókst að vera nálægt því markmiði þegar uppgjör lág fyrir frá ráðuneyti mennta- og menningarmála. Rekstraráætlun næsta árs miðar að því að reka skólann án halla. Það hefur skipt sköpum fyrir rekstur skólans að umframnemendur hafa verið bættir að fullu síðustu ár. Það er hins vegar áhyggjuefni að ekki er greitt fyrir þann stóra hóp grunnskólanemenda sem stundar fjarnám við skólann en samtals nema þeir hátt í 10 heilsársnemendaígildum eða sem nemur u.þ.b. 8. millj. króna.

Samstarf

Skólinn er í samstarfi við Snýrtiakademíuna í Kópavogi, Námsflokka Reykjavíkur og nokkra grunnskóla. Mikið samstarf er við Landspítalann og stéttafélög heilbrigðisgreina vegna náms í heilbrigðisgreinum.

Skólinn hefur tekið þátt í tveimur Comenius samstarfsverkefnum, Rutas Literarias en Europa og Sustainable School og er í samstarfi við skóla í níu löndum í Evrópu. Skólinn hefur tekið þátt í tveimur Nordplus Junior verkefnum, The Old Nordic Folklores og Outdoor Activities og hefur fjöldi nemenda og starfsmanna skólans heimsótt samstarfsskólana í Norðurlöndum og í Eystrasaltlöndum. Skólinn sendi í samstarfi við Umhverfisstofnun nemendahóp í sjálfboðavinnu í Vatnajökulspjóðgarðinn í júní 2013. Mikil ánægja ríkir með þetta framtak og verður haldið áfram með samstarf á þessu sviði.

Mat

Námskrá skólans er á vefrænu formi. Kaflarnir eru stuttir og almenns eðlis og þar koma aðeins fram upplýsingar um meginmarkmið skólans. Úr hverjum kafla eru svo tenglar sem vísa í ýtarlegri áætlanir, lýsingar, deilimarkmið o.fl. sem eiga að vera í sífelldri endurskoðun. Með slíkri útgáfu er hægt að tengja skólanámskrá og skólastarf á hverjum tíma nánari böndum en unnt er með hefðbundinni útgáfu á prenti. Ekki er nóg með að texti námskrárinnar sé almennur og stuttur heldur tryggir rafræn birting einnig auðvelt aðgengi að honum. Skólanámskráin verður þannig að lifandi skjali og síður hætta á að menn missi sjónar af þeim markmiðum sem þar eru sett.

Innra mati er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti framhaldsskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs. Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er m.a. að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Einnig er markmiðið að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla, að auka gæði náms og

skólastarfs og stuðla að umbótum. Jafnframt að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum um framhaldsskóla (40. gr.).

Í námskrá skólans er sjálfsmatsstefna skólans skilgreind og krækja í sjálfsmatssíðu þar sem má m.a. finna verkáætlun, sjálfsmatsskýrslur síðustu ára og niðurstöður ytra mats.

Próunarstjóri skólans er ábyrgur fyrir innra mati og hefur yfirumsjón með skipulagi þess og framkvæmd. Í verk- og framkvæmdaáætlun eru tilgreindar áætlaðar aðgerðir eins og úttektir, kannanir o.fl. til næstu ára.

Skólinn birtir niðurstöður sjálfsmats á heimasíðu skólans undir liðnum Skólinn - Sjálfsmat. Niðurstöðum er ætlað að draga fram sterkar hliðar og veika í skólastarfinu og meginatriði í þeim viðhorfum sem fram koma í könnunum. Á grundvelli niðurstöðu í þessum könnunum hefur verið og verður og gripið til aðgerða. Í sjálfsmatsskýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðunum og tillögur til úrbóta lagðar fram.

Framkvæmd markmiða skólasamnings

Skólinn setti sér tíu markmið í skólasamningi á árinu 2013. Innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga var fylgt eftir með því að setja tvær nýjar námsbrautir heilbrigðisskólans á fjórða þrepi, framhaldsnám sjúkraliða í geðhjúkrun og framhaldsnám lyfjatrækna í sjúkrahússlyfjatrækni, í námskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytisins (MMR). Því markmiði að innleiða grunnþætti menntunar var fylgt eftir með viðhorfskönnun þar sem m.a. var spurt um matar- og samgönguvenjur nemenda. Sjálfbærniefnd tók til starfa á vorönn 2013 og eru sjálfbærnistefna og aðgerðaráætlun með mælanlegum markmiðum aðgengileg á heimasíðu skólans. Markmiðinu að minnka brotthvarf og brottfall í kjarnagreinum var fylgt eftir með því að greina ástæður brotthvarfs sk. samræmdum atriðalista MMR. Markmiðinu að viðhalda styrk FÁ í fjarnámi var fylgt eftir með því að bjóða upp á kynningar á námsumsjónarkerfi í upphafi annar og með því að taka þátt í alþjóðlegri samanburðarkönnun fjarnáms. Því markmiði að halda rekstri skólans innan fjárheimildar var reynt að fylgja eftir með aðgerðum til hagræðingar á öllum sviðum skólastarfs. Markmiðinu að auka þátttöku nemenda í kennslumati í yfir 50% var fylgt eftir með því að færa kennslumat á miðja önn og veita kennurum aðstoð við framkvæmd matsins og var þátttakan á haustönn 2013 rúmlega 68%. Markmiðinu að fjölga tækifærum nemenda og starfsmanna til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi var fylgt eftir með þátttöku í fimm alþjóðlegum samstarfsverkefnum og fóru 32 nemendur og 18 kennarar í ferðir á vegum skólans. Markmiðinu að auka starfsánægju starfsmanna var fylgt eftir með því að taka starfsmannaviðtöl og með ýmsum aðgerðum sem miða að því bæta ímynd skólans og efla trúverðugleika stjórnenda. Skólinn tók þátt í starfsánægjukönnuninni „Stofnun ársins 2013“ og bætti skólinn sig töluvert frá því á árinu 2012 og kom vel út í samanburði við aðra framhalds- og háskóla. Því markmiði að leggja drög að innleiðingu vottaðs gæðakerfis var fylgt eftir með því að skilgreina helstu ferla skólastarfs. Á árinu 2013 voru 10 ferlar skilgreindir og flestar starfslýsingar endurskoðaðar og gerðar aðgengilegar á heimasíðu skólans. Markmiðinu að bjóða upp á öflugra stoðþjónustu við nemendur var fylgt eftir þrátt fyrir niðurskurð fjárframlaga til skólans og hagræðingu innan skólans. Auk náms- og starfsráðgjafar er boðið upp á stoðþjónustu fyrir nemendur af erlendum uppruna, fyrir nemendur sem þurfa sértækra úrræða svo og aðstoð við námið í Setrinu (stuðningur við nemendur í öllum kjarnagreinum þar sem kennarar eða nemendur aðstoða). Komið var á fót nýju umsjónarkerfi fyrir nemendur þar sem sérstök áhersla er lögð á aukna umsjón með nemendum yngri en 18. ára.

Úrbótaáætlun eftir sjálfsmat

Tímasett úrbótaáætlun eftir sjálfsmat er komin til framkvæmda. Markmið og úrbætur fyrir skólaárið 2013/2014 eru aðgengilegar í sjálfsmatsskýrslu á heimasíðu skólans. Á vorönn 2013 var byrjað að greina brotthvarf nemenda og niðurstöður færðar í staðlaðan gagnagrunn ráðuneytis. Niðurstöður viðhorfakannanna og starfsánægjumats eru hafðar til viðmiðunar í umbótastarfi. Námsbrautalýsingar bóknámsbrauta voru kynntar á haustönn 2013. Vinnan við að endurskoða áfangalýsingar á bóknámsbrautum hófst á haustönn 2013. Verk- og framkvæmdaáætlunin var uppfærð til ársins 2016. Innleiðing gæðakerfis hófst með skilgreiningu 10 ferla. Þjónustukönnun var frestað til vorannar 2014. Úttekt á mötuneyti skólans var frestað. Nýtt umsjónarkerfi var tekið upp á haustönn 2013. Heimasíða skólans hefur verið virk og fjöldi fréttabirst í hverri viku. Einnig var stofnuð fésbókarsíða skólans sem nýtur vaxandi vinsælda. Foreldrar fengu reglulega upplýsingar frá skólameistara um skólastarfið í tölvupósti. Á haustönn 2013 tók nýtt foreldraráð til starfa. Nýtt fyrirkomulag í framkvæmd kennslumats var tekið í notkun á haustönn 2013 og var þátttaka nemenda framar vonum. Niðurstöður kennslumats voru notaðar í starfsmannaviðtölum. Sjálfsmat kennara var tekið upp í fjarnámi á haustönn 2013 og er stefnt að jafningjamati á vorönn 2014. Skólinn heldur áfram að taka virkan þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Annað

Húsnæðismál

Eldra húsnæði FÁ er um 5400 m² og nýbyggingin um 2900 m². Aðalbygging skólans er því um 8300 m². Nýbygging skólans hefur skipt sköpum fyrir allt skólastarf, ekki síst félagslíf nemenda sem nú blómstrar. Með tilkomu nýbyggingarinnar rúmar skólinn um 1100 nemendur í dagskóla sem er æskilegur nemendafjöldi. Unnið var að framkvæmdum á lóð skólans frá maí til júní og er framkvæmdum að fullu lokið. Má fullyrða að fáir framhaldsskólar státi að jafn glæsilegu umhverfi og FÁ býr við.

Umhverfisstefna

Fjölbrautaskólinn við Ármúla tekur hlutverk sitt alvarlega þegar kemur að umhverfismálum og vill sýna nemendum og öðrum sem að skólastarfinu koma gott fordæmi við rekstur og stjórnun skólans. Umhverfisfulltrúi skólans leiðir starf nemenda og starfsmanna. Skólinn hefur umhverfissjónarmið og verndun náttúrunnar að leiðarljósi, jafnt í daglegum athöfnum og í stefnumótun til framtíðar. Vinna innan skólans tekur tillit til sjálfbærrar þróunar þegar því verður við komið en innan skólans er sérstök sjálfbærnefnd. Skólinn hefur verið með Grænfánann frá 2006 og fékk fánann í fjórða sinn við hátíðlega athöfn á haustönn 2012. Er skólinn eini framhaldsskólinn sem hefur fengið Grænfánann fjórum sinnum og er hægt að fullyrða að skólinn er í fararbroddi þegar kemur að umhverfismálum á meðal íslenskra framhaldsskóla. Sérstakt átak er í gangi innan skólans sem nefnist „siðbót“. Útskriftarnemendur stúdentsprófsbrauta halda utan um átakið þar sem lögð er áhersla á að leiðbeina nemendum hvað varðar flokkun á rusli og bættu almenna umgengni í skólastarfinu. Átakið gengur vel og er almenn umgengni nemenda betri en áður.

Heilsueflandi framhaldsskóli

Á haustönn 2010 var skipaður stýrihópur til að undirbúa þátttöku FÁ í verkefninu *heilsueflandi framhaldsskóli* (Hoff) sem hófst síðan formlega haustið 2011. Landlæknir setti verkefnið formlega af stað á 30 ára afmælishátíð skólans þann 24. september 2011. Hoff verkefnið mun taka fjögur ár og var lögð megináhersla á næringuna fyrsta árið. Höfuðáhersla verkefnisins er á fjögur viðfangsefni, **næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl**, en eitt viðfangsefni er tekið fyrir á hverju ári, t.d. er geðrækt viðfangsefni skólaársins 2013-2014. Markmiðið er að upplýsa og virkja nemendur og starfsmenn skólans til að taka þátt. Breyttar áherslur eru núna áberandi þegar gengið er um skólann því hvorki sælgæti né sykraðir gosdrykkir eru til sölu. Hafa nemendur tekið þessari nýbreytni vel og aukin áhersla á hollustu og breytta lífshætti fellur vel í mannskapinn. Á haustönn 2013 tók skólinn þátt í átaksverkefninu „Hjólum í skólann“ og vann skólinn í flokki framhaldsskóla með fleiri en 1000 nemendur. Í október 2013 tók skólinn þátt í Lífshlaupi framhaldsskólanna og deildi skólinn fyrsta sæti í sínum flokki með Borgarholtsskóla. Átakið hefur átt þátt í því að nemendum og starfsmönnum sem temja sér umhverfisvænar samgöngur hefur fjölgað og að jafnaði hjóla um 50-60 nemendur og starfsmenn daglega í skólann.

Jafnréttisstefna

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 kveður á um að öll fyrirtæki og stofnanir sem eru með fleiri en 25 starfsmenn skuli setja sér jafnréttisáætlun. Fjölbrotaskólinn við Ármúla er stór stofnun, þar sem yfir 1000 manns eru saman komnir á hverjum degi, nemendur og starfsfólk. Það er því ljóst að málefni sem varða jafnrétti kynjanna hljóta að koma við sögu margsinnis á hverjum degi í slíkri stofnun. Stefnan er á vefslóðinni <http://www.fa.is/ritstjorn/namskra/jafnretti/jafnretti2007.htm> og var hún samþykkt á starfsmannafundi. Sérstakir jafnréttisvísar voru kynntir og þar kemur eftirfarandi fram:

	30.10 2008	29.2 2012	12.10 2012
Yfirstjórn	kk (4) 66% kvk (2) 33%	kk (3) 50% kvk (3) 50%	kk (3) 50% kvk (3) 50%
Kennslustjórar	kk (3) 25% kvk (9) 75%	kk (4) 33% Kvk (8) 67%	kk (5) 45% kvk (6) 55%
Fagstjórar	kk (5) 29% kvk (12) 71%	kk (3) 18% kvk (14) 82%	kk (3) 19% kvk (13) 81%
Fulltrúar	kk (2) 40% kvk (3) 60%	kk (2) 40% kvk (3) 60%	kk (2) 40% kvk (3) 60%
Skólaráð		kk (4) 33% kvk (2) 66%	kk (5) 63% kvk (3) 37%
Skólanefnd		kk (2) 40% kvk (3) 60%	kk (6) 75% kvk (2) 25%
Nemendaráð		kk (14) 54% kvk (12) 46%	kk (13) 52% kvk (12) 48%

Eins og jafnréttisvísarnir gefa til kynna þá er hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum mjög hátt og eðlilegt í ljósi þess að konur eru í miklum meirihluta við skólann. Hið sama má segja um nemendur en hlutfall kynjanna er nokkuð jafnt í nemendaráði skólans.

Sjálfbærnistefna

Skólinn hefur sett sér sjálfbærnistefnu og skipað sjálfbærninefnd sem hefur það verkefni að fylgja sjálfbærnistefnu skólans eftir í öllum þáttum skólastarfs. Í sjálfbærninefnd eiga sæti skólameistari og aðstoðarskólameistari, þróunarstjóri, umhverfisfulltrúi skólans, umsjónarmaður skólans, tveir kennarar af bóknámsbrautum, einn kennari sérnámsbrautar, einn kennari heilbrigðisskólans, einn starfsmaður af þjónustusviði og tveir fulltrúar nemenda.

Markmiðið með sjálfbærnistefnu er að efla og styrkja skólann í framþróun og skapa nemendum og starfsmönnum umhverfi sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.

Stefnunni er ætlað að efla borgaralega virkni nemenda, styrkja gildismat og viðhorf til verndunar náttúrunnar og umhverfisvæns lífsstíls, efla lýðræðisvitund og samábyrgð, styrkja gildismat og viðhorf gagnvart mannréttindum, jafnrétti, fjölmenningu, velferð og heilbrigði, efnahagsþróun, framtíðarsýn og stuðla að sköpunargleði.

Sjálfbærninefndin gerir aðgerðaáætlun eitt skólaár í senn. Í áætluninni eiga að koma fram mælanleg markmið og mælikvarðar sem verða notaðir til að mæla og meta árangur í lok skólaárs. Aðgerðaáætlun fyrir skólaárið 2013/2014 er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Reykjavík, 12. febrúar 2014



Steinn Jóhannsson skólameistari